

Jafnréttis- og aðgerðaráætlun

Alcoa Fjarðaáls



Andri Hjörvar Albertsson

Elfa Sigurðardóttir

Hjálmar Elíasarson

Kristborg Bóel Steindórsdóttir

Jafnréttisstefna Alcoa Fjarðaáls

Alcoa Fjarðaál stefnir að því að helmingur starfsmanna fyrirtækisins verði konur og tengir jafnréttisstefnu sína við gildin sem Alcoa starfar eftir um allan heim.

Heilindi

Við erum opin og heiðarleg í afstöðu okkar til jafnréttis. Enginn launamunur eða kjaramunur er milli kynja í sömu og jafnverðmætum störfum. Framkvæmdastjóri mannauðsmála fylgist grannt með þróun þeirra mála með því að láta gera árlega launakönnun og kynna hana forstjóra.

Umhverfi, öryggi- og heilsa

Öll störf innan fyrirtækisins eru opin báðum kynjum og skulu því hönnuð á þann veg að bæði kyn geti unnið þau á öruggan hátt. Báðir foreldrar eru hvattir til að huga að samræmingu fjölskyldulífs og vinnu og axla jafna ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og einelti verður ekki liðið innan Alcoa Fjarðaáls og verða slík mál tekin föstum tókum.

Viðskiptavinurinn

Við vinnum vörur eftir nýjustu tækni og nýtum til þess krafta og hæfileika beggja kynja. Það er mannauðurinn sem skapar verðmætin og því er leitast við að virkja hvern einstakling og nýta þannig þá hæfni og krafta sem hver og einn býr yfir.

Framúrskarandi árangur

Alcoa Fjarðaál státar nú þegar af hæsta ráðningarhlutfalli kvenna í nokkru álveri Alcoa samsteypunnar. Í engu skal kvika frá þeirri stefnu að ná jöfnu hlutfalli kvenna og karla í störfum innan álversins.

Fólk

Starfsmenn geta reitt sig á að tækifæri til frama standa báðum kynjum jafnt til boða. Við tölum af heilindum um samstarfsmenn okkar og berum virðingu fyrir hverjum og einum.

Arðsemi

Hver starfsmaður skal metinn af eigin verðleikum og með jafnri stöðu kynjanna nýtist sú auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfi þeirra. Þannig verður tryggt að mannauður fyrirtækisins nýtist sem best.

Ábyrgð

Allir starfsmenn Alcoa Fjarðaáls bera sameiginlega ábyrgð á því að jafnréttisstefnunni verði framfylgt og sem bestur árangur náist á því sviði. Samhliða jafnréttisstefnunni liggur aðgerðaáætlun sem tilgreinir hvernig staðið skuli að jafnréttismálum innan fyrirtækisins. Með því að allir leggist á eitt verður leikur einn að ná því takmarki að Alcoa Fjarðaál verði fyrirmyndar fyrirtæki.

Aðgerðaáætlun jafnréttisnefndar Alcoa Fjarðaáls

Hlutfall kynja í starfsmannahópi fyrirtækisins

Alcoa Fjarðaál setur markið hátt og stefnir að því að helmingur starfsmanna séu konur.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konur séu helmingur starfsmanna innan fyrirtækisins.	Samantekt upplýsinga um hlutfall kvenna innan fyrirtækisins.	Mannauðsteymi	Einu sinni í mánuði
	Hlutfall kvenna kynnt fyrir framkvæmdarstjórn.	Framkvæmdarstjóri mannauðsmála	Árlega- fyrir lok mars
	Starfsemi álversins kynnt konum á svæðinu.	Mannauðs- og samfélagsteymi	Annað hvert ár

Ráðningar, starfsþjálfun og endurmenntun

Ráðningar á hæfu og góðu starfsfólki er forsenda þess að Alcoa Fjarðaál viðhaldi öflugri starfsemi.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standa báðum kynjum jafnt til boða.	Taka skal fram í atvinnuauglýsingum að störfin henti jafnt konum sem körlum.	Mannauðsteymi	Við auglýsingu starfa.

Starfsþjálfun, símenntun og endurmenntun

Skipuleg uppbygging og framþróun þekkingar og hæfni er lykilatriði í rekstri Alcoa Fjarðaáls. Allt starfsfólk fær viðeigandi grunnfræðslu og þjálfun til að sinna störfum sínum og að starfsfólk hafi tækifæri til að þróast og vaxa í starfi til framtíðar. Allir starfsmenn hafa jöfn tækifæri til náms en konur verða sérstaklega hvattar til þess að sækja sér menntun í tækni- og verkfræðinámi.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Allir starfsmenn fá viðeigandi grunnþjálfun og endurmenntun.	Allir starfsmenn fara gegnum grunnþjálfun áður en það hefur störf. Einnig fær hver starfsmaður árlega einstaklingsmiðaða fræðsluáætlun í samstarfi við leiðtoga/yfirmann.	Fræðslustjóri, leiðtogar og framkvæmdastjórar.	Fræðsluáætlun liggir fyrir í mars að afloknu frammi- stöðusamtali starfsmanns við sinn næsta yfirmann.
	Konur hvattar til að sækja sér tækni- og verkfræðimenntun.	Fræðslustjóri	Árlega

Launajafnrétti

Meginþorri starfsfólks Alcoa Fjarðaáls starfar eftir vinnustaðasamningi þar sem enginn launamunur er milli kynja. Fyrir það starfsfólk sem stendur utan vinnustaðasamnings eru laun ákvörðuð með hliðsjón af launaramma Alcoa.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konur og karlar njóta sömu kjara og fá sömu laun fyrir sömu og jafn verðmæt störf eins og kveðið er á um í stefnu Alcoa á alþjóðavísu.	Þáttaka í launa-könnun Intellecta þannig að unnt sé að bera saman laun kvenna og karla sem eru í sambærilgeum störfum.	Mannauðs- og fjármálateymi	Fyrir júnílok ár hvert
	Innri endurskoðun Alcoa (ASAT)		Ýmist árlega eða þriðja hvert ár.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Velferð, ánægja og vellíðan starfsfólks er höfð að leiðarljósi hjá Alcoa Fjarðaáli Sérstök fjölskyldunefnd mun vinna að því að gera Alcoa Fjarðaál að fjölskylduvænu fyrirtæki. Leitast verður við að mæta sérstökum aðstæðum starfsmanna

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konur og karlar geti samræmt starfs-skyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu sinni.	Auka þjálfun þannig að unnt sé að ná aukinni fjölbreytni í störfum.	Framkvæmdastjórn, mannauðsteymi og leiðtogar.	Stöðugt í gangi
	Skipuleggja vinnuna þannig að vinnuálag henti hverjum og einum.	Framkvæmdastjórn og leiðtogar	Stöðugt í gangi
	Leitast verður við að mæta sérstökum aðstæðum starfsmanna með lausnum eins og hlutastörfum.	Framkvæmdastjórn	2009

Fæðingaorlof

Foreldrar ungra barna eru hvattir til þess að nýta sér lögbundið fæðingar- og foreldraorlof og stuðla þar með að góðu fjölskyldulífi. Gengið er út frá því að feður jafnt sem mæður nýti sér rétt sinn vegna veikinda barna sinna.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að bæði kynin nýti sér rétt sinn til fæðingar- og foreldraorlofs og skipti með sér fjarveru vegna veikinda barna	Kynning á réttindum og skyldum til fæðingar- og foreldraorlofs	Mannauðsteymi og fræðslustjóri	Fyrir nóvember ár hvert
	Könnun á því hvernig konur og karlar nýta sér rétt sinn til fæðingar- og foreldraorlofs og hvernig fjarvera vegna veikinda barna skiptist minni kynja. Niðurstöður kynntar fjölskyldu-nefnd sem gerir tillögur um aðgerðir til úrbóta ef þörf krefur.	Mannauðsteymi	Árlega- fyrir lok nóvember

Kynbundin og kynferðisleg áreitni/einelti

Rík áhersla er lögð á að komið sé fram við hvern einstakling af virðingu. Kynferðisleg áreitni eða einelti er ekki liðið hjá Alcoa Fjarðaáli. Í starfsmannahandbók er að finna viðbrögð við slíkum málum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynbundin- eða kynferðisleg áreitni og einelti er ekki liðið hjá Alcoa Fjarðaáli.	Fræðsla um gildi fyrirtækisins sem ná yfir kynbundna og kynferðislegrar áreitni, sem og einelti.	Mannauðsteymi	Samþætt þjálfum sem er stöðugt í gangi innan fyrirtækisins.
	Fræðsla um kynbundna og kynferðislega áreitni sem og einelti fyrir alla starfsmenn	Fræðslustjóri	Árlega
	Áætlun um viðbrögð við slíkum atvikum er að finna í starfsmannahandbók. Tryggt er að starfsmenn þekki viðbragðsáætlunina.	Mannauðsteymi	
	Komi slík mál upp er þeim vísað til heilsugæslu fyrirtækisins.		